Náttúrufræðistofnun

Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 SAUÐÁRKRÓKI

Garðabær, 24. september 2026
Málsnúmer: 202609-0003
MH

Efni: Deiliskipulag Syðri-Hofdala í Hofstaðaplássi, Skagafirði, skipulagslýsing

Vísað er til erindis Skagafjarðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 2. september 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags Syðri-Hofdala í Hofstaðaplássi í Skagafirði. Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsinguna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Skipulagssvæðið er um 154,9 ha og nær yfir ræktað land og gróinn úthaga beggja vegna Siglufjarðarvegar. Markmið deiliskipulagsins er að skapa grundvöll fyrir frekari uppbyggingu og nýtingu jarðarinnar, skilgreina lóðir og byggingarreiti og setja skipulags- og byggingarskilmála.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að svæðið nái ekki inn á verndarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Náttúrufræðistofnun bendir þó á að skoða þarf afmörkun þess gagnvart svæðinu Láglendi Skagafjarðar, sem stofnunin hefur tilnefnt til verndar vegna vistgerða á landi, ferskvatnsvistgerða og fugla. Samkvæmt lýsingu á mörkum þess afmarkast það af Siglufjarðarvegi til austurs og því er hluti skipulagssvæðisins vestan vegar innan þess. Gera þarf grein fyrir þessari skörun í skipulagsgögnum og taka mið af verndargildi svæðisins við útfærslu tillögunnar.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar virðist vera mósaík vistgerða á skipulagssvæðinu vestan Siglufjarðarvegar, meðal annars starungsmýravist, runnamýravist á láglendi, víðikjarrvist og graslendisvistgerðir. Stofnunin leggur til að við áframhaldandi skipulagsvinnu verði vistgerðir á fyrirhuguðum áhrifasvæðum framkvæmda og afmörkun þeirra staðfestar á vettvangi. Sérstaklega þarf að kanna útbreiðslu og ástand votlendis. Jafnframt þarf að taka saman fyrirliggjandi upplýsingar um fuglalíf og meta þörf á frekari athugunum með hliðsjón af fyrirhugaðri uppbyggingu og þýðingu svæðisins sem búsvæðis fugla.

Niðurstöður náttúrufarsathugana ættu að liggja til grundvallar við staðsetningu byggingarreita, vega og veitna og við mótun skilmála um framkvæmdir og frágang. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að nýjum mannvirkjum verði eftir föngum komið fyrir á þegar röskuðu landi og að vegir og veitur verði samnýtt, líkt og lýsingin gerir ráð fyrir. Forðast ætti rask á votlendi og öðrum verðmætum búsvæðum og gæta þess að framkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á vatnafar votlendis innan skipulagssvæðisins eða í nágrenni þess.

Í kafla um umhverfisáhrif kemur fram að áformaðar framkvæmdir séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Náttúrufræðistofnun bendir á að sú niðurstaða þarf að byggja á nánari útfærslu uppbyggingaráforma og upplýsingum um náttúrufar áhrifasvæða. Við gerð deiliskipulagstillögunnar þarf því að leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar á náttúrufar, með sérstakri áherslu á vistgerðir, fuglalíf og vatnafar. Í skipulagsgögnum þarf að gera grein fyrir niðurstöðum þess mats og hvernig tekið hafi verið tillit til þeirra við útfærslu tillögunnar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Smiðjuvöllum 28 | 300 Akranesi
natt.is | Sími 430 9000

Virðingarfyllst,



María Harðardóttir
Líffræðingur